

				Í kr.-mynt		Hundrað		Alin		24. febr.
				kr.	aur.	kr.	aur.	kr.	aur.	
<i>F. Skinnavara.</i>										
31.	1 hndr.,	4 fjórðungar	nautsinnis.....	1 fjórð. á	11	87½	47	50	»	40
32.	—	6 —	kýrsinnis .....	— — —	10	15	60	90	»	51
33.	—	6 —	hross-sinnis .....	— — —	8	11	48	66	»	41
34.	—	8 —	sauðsinnis, af tvævetr.							
			sauðum og eldri.....	— — —	6	31½	50	52	»	42
35.	—	12 —	sauðsinnis, af ám og							
			veturgöml. sauðum ...	— — —	4	74	56	88	»	47
36.	—	6 —	selsinnis .....	— — —	10	43	62	58	»	52
37.	—	240	lambskinn (vorlamba) einlit.....	hvert —	»	22½	54	»	»	45
<i>G. Ýmislegt.</i>										
38.	1 hndr.,	6 pund af æðardún,	vel hreinsuðum	1 pund á	14	53	87	18	»	73
39.	—	40 — —	óhreinsuðum.....	— — —	»	»	»	»	»	»
40.	—	120 — —	fuglafíðri.....	1 fjórð. —	8	08	96	96	»	81
41.	—	480 — —	fjallagrös.....	— — —	1	17	56	16	»	47
42.	5 álnir	1 dagsverk um	heyannir .....		2	44½	»	»	»	49
43.	—	1	lambsfóður .....		4	22	»	»	»	84
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurum verður :										
<i>Eptir A. eða í friðu . . . . .</i>							89	86	»	75
<i>— B. — í ullu, smjöri og tölq . . . . .</i>							57	60	»	48
<i>— C. — í tövöru af ullu . . . . .</i>							63	54	»	53
<i>— D. — í fiski . . . . .</i>							49	61	»	41
<i>— E. — í ljúsi . . . . .</i>							33	04	»	27
<i>— F. — í skinna-vöru . . . . .</i>							54	43	»	45
En meðalverð allra landaura saman talin . . . . .							348	08	2	89
og skipt með 6, sýna :										
<b>meðalverð allra meðalverða</b>							<b>58</b>	<b>01</b>	»	<b>48</b>

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 24. febr. 1890.

Í umboði herra biskupsins

J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um sveitfesti þurfaings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. m. hafið þjer, herra amtmáður 14. marz sent mjer brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 26. nóv. f. á., þar sem hann, eptir meðsendri beiðni hreppsnefndaroddivitans í Þverárhlíðarhreppi, áfrýjar úrskurði amtsins 14. maí f. á., sem fellir úr gildi úrskurð tjeðs sýslumanns 19. marz næst á undan um sveitfesti Einars nokkurs Jónssonar, og ákveður, að tjeður Einar Jónsson skuli álitast sveitlægur í Þverárhlíðarhreppi sem fæðingarsveit sinni, og að nefndur fæðingarhreppur hans skuli endurgjalda fátækrastryk þann, að upphæð 30 kr., sem hann hefur fengið af fátækra sjóði Reykjavíkur.

Víðvíkjandi máli þessu skal það tekið fram, er nú skal greina. Einar Jónsson, sem samkvæmt rjettarskýrslu 2. júní 1885, er kemur heim við brjef oddivitans í Þverárhlíðarhreppi, dags. 20. febr. 1886, er fæddur á Hermundarstöðum í nýnefndum hreppi, þáði snemma á árinu 1885 eptir löglega aðsjón, 30 kr. styrk af fátækrafje Reykjavíkur; hafði hann áður dvalið í Reykjavík lengur en 10 ár samfleytt, og þrisvar sótt um húsmennskuleyfi, en eigi fengið það fyr en 21. d. aprílm. 1876; þá var honum veitt leyfið fyrst um sinn um eitt ár. Þar sem hann hafði ekki dvalið neinstadar 10 ár samfleytt

19. dag aprílmán. 1890.

48 eptir 16 ára aldur fyrir þann tíma, er hann fjekk húsmennskuleyfið, og bæjarfógetinn  
 14. marz taldi þá fyrst hefjast löglega dvöl hans í Reykjavík, ritaði hann sýslumanninum í Mýra-  
 og Borgarfjarðarsýslu, til þess að hann útvegaði viðurkenningu hreppsnefndarinnar í Þver-  
 árhlíðarhreppi fyrir sveitfesti Einars þar, eða úrskurðaði hann sveitlægan þar í hreppi  
 að öðrum kosti. Hreppsnefndin vildi eigi viðurkenna hreppshelgi Einars, og eptir ýmsar  
 skriptir fram og aptur neitaði loks sýslumaðurinn með ofanefndu brjefi 19. marz f. á.  
 að úrskurða Einar sveitlægan í Þverárhlíðarhreppi af þeirri ástæðu, að eigi væri næg  
 sönnun fram komin, að hans álit, fyrir því, að Einar hefði eigi verið búinn að vinna  
 sjer framfærslurjett í Reykjavík, þegar hann fjekk styrkinn þar, þar eð eigi væri nægi-  
 lega sannað, að hann hefði dvalið þar í húsmennsku frá nýári 1875 eða því sem næst,  
 þangað til hann fjekk húsmennskuleyfið 21. apríl 1876. Þennan ágreining lagði svo  
 bæjarfógetinn undir úrskurð yðar, og hafið þjer með framanefndu brjefi yðar 14. maí f.  
 á. skorið úr málinu þannig, sem hjer að framan er greint.

Það er ómótmælt og sannað af skjölum málsins, að kvennmaður nokkur, að  
 nafni Hallfríður Símonardóttir, var í fylgi með Einari nokkur ár áður en hann fjekk  
 hið þráttnefnda húsmennskuleyfi, og áttu þau afkvæmi saman. Í kirkjubókum Reykja-  
 víkur eru þau Einar og Hallfríður stöðugt talin fyrir heimili frá 1872—1878, 1872—74  
 í Hala, 74—76 í Móhúsum, síðan í Melshúsum og Saudagerði, allt af í húsmennsku,  
 en eigi sem hjú hjá neinum húsbónda. Þetta kemur fyllilega heim við framburð Ein-  
 ars sjálfs á lögregluþingi 2. júní 1885, og í gjörðabók fátækranefndar Reykjavíkur 10.  
 febr. 1876 eru þær ástæður færðar fyrir því að neita honum um húsmennskuleyfi, að  
 sökum ómegðar hans og *vanhirðingar á börnum hans* og fátæktar sjálfs hans verði  
 ekki annað fyrir sjeð, en að hann verði fátækra sjóðnum til byrði innan skamms, og  
 benda þessi orð ljóslega á, að hann hafi þá, skömmu áður en hann fjekk húsmennsku-  
 leyfið, sjálfur verið fyrir heimili, þar sem hann hafði börn sín hjá sjer til eigin um-  
 sjár.

Af framantöldum ástæðum og öðrum rökum, er skjölin með sjer bera, verð jeg  
 því að vera yður samdóma um, að telja megi nægilega vissu fengna fyrir því, að Einar  
 Jónsson hafi verið í ólöglegri húsmennsku síðustu árin áður en hann fjekk bæjarleyfið,  
 og þá sjerstaklega árið 1875, sem mestu um varðar í þessu máli, og þar sem sá tími ekki  
 getur talizt með til að afla honum framfærslurjettar, og hann þannig ekki hefur dvalið  
 10 ár samfleytt löglegri dvöl í Reykjavík áður en hann fjekk sveitarstyrkinn á árinu  
 1885, — þá skal úrskurður yðar í máli þessu óhaggður standa, bæði að því er snertir  
 ákvæði hans um sveitfesti Einars og endurgjald á þeim 30 kr., er hann fjekk af fá-  
 tækrafje Reykjavíkur.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birt-  
 ingar.

49 Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna um bráðabirgðauppbót handa  
 31. marz prestakalli. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. p. m., hafið þjer, herra amtmaður og  
 háæruverðugi herra, sent mjer beiðni prestsins að Hvammi í Skagafjarðarprófastsdæmi  
 um 500 kr. bráðabirgðauppbót í eitt sinn handa prestakalli þessu til þess að reisa við 5